

stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.

- d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leiti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notenda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkv. kostnaði. Tengigjald fellur í gjald-daga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækk-ana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er aðeins gild að fengnu samþykki iðnaðarráðuneytisins. Sölugjald 25% samkvæmt lögum er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema liður D (rafhitun), sem er undanþeginn gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 492, 30. desember 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

20. mars 1986

Nr. 210

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

1. gr.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennur taxti

Orkugjald	3,88 kr/kWh
Fastagjald	1 147,00 kr/ár

B. Afltaxti

Rafmagn til meiri háttar vélanotkunar.

Orkugjald	0,97 kr/kWh
Aflgjald	4 955,00 kr/kWh/ár
Fastagjald	8 729,00 kr/ár

Mæling miðuð við 15 mínútna meðalgildi afls. Lágmarksafl 30 kw.

C. Húshitunartaxtar

C.1 Orkugjald	2,60 kr/kWh
Án rofs	
C.2 Orkugjald	1,25 kr/kWh
Rof allt að 4 h/d	
C.3 Orkugjald	0,68 kr/kWh
Rof allt að 12 h/d	
Fastagjald	3 392,00 kr/ár
Fyrir taxa C1, C2 og C3.	

2. gr.
TENGIGJÖLD

Gjaldskrár- liður	Málstraumur stofnvara		Tengigjald kr.
T 1	63A	1-fasa	19 300,00
T 2	63A	3-fasa	26 100,00
T 3	100A	—	41 300,00
T 4	200A	—	82 500,00
T 5	315A	—	130 300,00
T 6	400A	—	165 000,00
T 7	630A	—	259 600,00
T 8	710A	—	293 400,00
T 9	1200A	—	495 300,00

Önnur ákvæði:**a) Um heimtaugar:**

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug. Fyrir hvern umfram metra greiðist sem svarar $\frac{1}{40}$ hluta tengigjalds.

Tengigjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast eftir kostnaði.

b) Um spennistöðvar:

Pegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja öllum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en gjaldinu nemur.

c) Um bráðabirgðaheimtaugar:

Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða eftir kostnaðarreikningi.

d) Um spennubreytingu:

Ef 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug og rafbúnaði innan húss, sem af þessu kann að leiða.

e) Almenn um heimtaugar:

Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar.

Tengigjald fellur í gjaldlega þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð.

3. gr.
ÝMIS ÁKVÆÐI

1. **Sérákvæði um rafmagnssölu.**

1.1. **Rafmagn til mannvirkjagerðar.**

Fastagjald	1 940,00 kr/a
Orkugjald	5,90 kr/kWh

1.2. **Gjöld vegna götulýsingar og annarrar útlýsingar.**

Aflgjald	6 965,00 kr/kW/a
miðað við uppsett afl	
Viðhaldsgjald	8 553,00 kr/kW/a
miðað við uppsett afl	
Gjald samtals	<u>15 518,00 kr/kW/a</u>

1.3. **Önnur sérákvæði.**

Pegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar í Borgarnesi.

2. **Önnur ákvæði gjaldskrár, ótalin.**

2.1. **Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. C lið:**

- að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar,
- að vélaafl, spennar og línur þoli álagið,
- að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu hans,
- að tæki, lagnir og hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m.a. ofnar fasttengdir og hafi rofa og hitastilla.

2.2. **Um fasvikstuðul hjá notanda.**

Ef stuðullinn er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist þess að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti herra verð fyrir raforkuna.

2.3. **Opnunargjald.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald kr. 697,00 fyrir enduropnun.

2.4. **Um dráttarvexti.**

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru reiknaðir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

2.5. **Um sölugjöld.**

Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innfalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

2.6. **Breytingar á gjaldskrá.**

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfisins.

Gjaldskrá þessi sem staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 45, 24. janúar 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskráarliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	4,22 kr/kWh
Fastagjald	2 050,00 kr/a

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	6,33 kr/kWh
Fastagjald	2 050,00 kr/a

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

Aflgjald	7 280,00 kr/kWh/a
Viðhaldsgjald	8 720,00 kr/kWh/a

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	1,68 kr/kWh
Fastagjald	8 200,00 kr/a

A. 5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	20 640,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW	3 440,00 kr/kWh/a
Orkugjald af allri notkun	1,15 kr/kWh
Orkugjald af allri notkun — niðurgreitt	0,70 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	4,22 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.